# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994.**

1. gr.

Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur nr. 431/1994 er með reglugerð þessari breytt þannig að á eftir viðauka IV kemur nýr viðauki, viðauki V, sem orðist svo:

VIÐAUKI V.
FLOKKUN BYGGINGARVÖRU
MEÐ HLIÐSJÓN AF VIÐBRÖGÐUM VIÐ BRUNA.

1. Þegar byggingarvara er notuð á þann hátt að hún er talin geta tekið þátt í myndun og útbreiðslu elds og reyks í upptakarými, eða á nánar tilgreindu svæði, er varan flokkuð á grundvelli þess hvernig hún bregst við bruna samkvæmt flokkunarkerfi í töflum 1 og 2.
   Byggingarvörur skulu metnar í notkunarástandi.

2. Gildissvið töflu 1.
   Tafla 1 gildir um eftirfarandi:
   - byggingarvörur til nota í veggi og loft, þar með talin yfirborðsklæðning,
   - byggingareiningar,
   - byggingarvörur sem eru felldar inn í byggingareiningar,
   - íhluta fyrir pípulagnir og rásir,
   - byggingarvörur fyrir klæðningu á útveggi.

3. Gildissvið töflu 2.
   Tafla 2 gildir um gólf og gólfefni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu og með hliðsjón af ákvæðum samnings um Evrópska efnahagsvæðið, sem vísað er til í XXI. kafla, II. viðauka, tilskipunar ráðsins 89/106/EBE, frá 21. desember 1988, um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/611/EB, frá 9. september 1994, um flokka yfir nothæfi byggingarvara með hliðsjón af viðbrögðum við bruna, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 10. janúar 1996.*

F. h. r.
**Þorkell Helgason.**

*Sveinn Þorgrímsson.*

Gutenberg

*VIÐAUKI*

## Tafla 1
## Flokkar yfir nothæfi byggingarvara með hliðsjón af viðbrögðum við bruna, að gólfefnum undanskildum.

| Brunaaðstæður | | Evró-flokkur | Vöruflokkur | | Prófunaraðferð | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fullþróaður bruni í rými | Stig brunaáraunar: meira en 60kW/m² | A | Leiðir ekki til útbreiðslu elds | - Mjög takmarkað brennslugildi og hitalosun<br>- Bruni skapast ekki af loga<br>- Takmarkað massatap | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>CEN/TC 127/N 229 og<br>CEN/TC 127/N 230 og skrá yfir eldtraust efni | ▲ T ≤ 30°C<br>▲ m ≤ 50%<br>$t_c$ ≤ 5 sekúndur<br>PCS ≤ 1,7-2,4 MJ/kg<br>eða ≤ 1,4-2,0 MJ/m² |
| | | B | Leiðir mjög takmarkað til útbreiðslu elds | - Mjög takmarkað brennslugildi og /eða hitalosun<br>- Takmarkað massatap<br>- Í raun engin útbreiðsla loga<br>- Mjög takmörkuð reykmyndun<br>- Engir logandi dropar<br>- og/eða agnir eða blanda af þessum þáttum | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>CEN/TC 127/N 229 og/eða<br>CEN/TC 127/N 230<br>EBH-prófun | ▲ T ≤ 50°C<br>▲ m ≤ 50%<br>$t_c$ ≤ 20 sekúndur<br>□ ≤ PCS ≤ □ MJ/kg<br>□ ≤ PCS ≤ □ MJ/m²<br>Útbreiðsla loga } ákveða<br>Reykmyndun } þarf gildi |
| Einn brennandi hlutur í rými | Stig brunaáraunar: hámark um 40 kW/m² á takmörkuðu svæði og minnkandi eftir yfirborðinu | C | Leiðir takmarkað til útbreiðslu elds | - Mjög takmörkuð útbreiðsla loga ([1])<br>- Takmörkuð hitalosun<br>- Takmörkuð reykmyndun<br>- Stuðlar takmarkað að íkviknun<br>- Mjög takmarkað magn logandi dropa og/eða agna eða blanda af þessum þáttum | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>EBH-prófun<br>CEN/TC 127/AH 2N156([2])<br>ISO/DIS 11925-2 | Tími að íkviknun<br>▲ T }<br>Útbreiðsla loga } ákveða<br>Reykmyndun } þarf gildi<br>Dropar/agnir }<br>- Brunaáreititími: 30 sek.<br>- Tími þar til logar ná tilteknum stað<br>- Stærð svæðis sem hefur orðið fyrir skemmdum<br>- Brennandi dropum gefinn gaumur |

| Brunaaðstæður | | Evró-flokkur | Vöruflokkur | | Prófunaraðferð | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | D | Stuðlar að útbreiðslu elds í þolanlegu mæli | - Takmörkuð útbreiðsla loga(¹)<br>- Viðunandi hitalosun<br>- Takmörkuð reykmyndun<br>- Líkur á íkviknun viðunandi<br>- Takmarkað magn logandi dropa/agna og/eða blanda af þessum þáttum | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>EBH-prófun<br>CEN/TC 127/AH 2/N156(²)<br>ISO/DIS 11925-2 | Tími að íkviknun, ▲ T: ákveða<br>Útbreiðsla loga, Reykmyndun: þarf gildi<br>Dropar/agnir<br>- Brunaáreititími: 30 sek.<br>- Tími þar til logar ná tilteknum stað<br>- Stærð svæðis sem hefur orðið fyrir skemmdum<br>- Brennandi dropum gefinn gaumur |
| Minniháttar brunaáraun á takmörkuðu yfirborðssvæði byggingarvöru | Stig brunaáraunar: brennari með 20 mm logahæð | E | Þolanleg viðbrögð við eldi | Leyfilegar líkur á íkviknun | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>CEN/TC 127/AH 2/N156(²)<br>ISO/DIS 11925-2 | - Brunaáreititími: 15 sek.<br>- Enginn logi í 150 mm fjarlægð eftir 20 sekúndur<br>- Brennandi dropum gefinn gaumur |
| | | F | Ekki kveðið á um nothæfi | | | |

¹) Þegar byggingarvörur eru notaðar lóðrétt er miðað við lóðrétta útbreiðslu loga.
²) Þegar um er að ræða byggingarvörur sem t.d. skreppa saman við brunaáreiti: hreyfanlegur lítill logi þar sem gaumur er gefinn að brennandi dropum.
□ Gildin verða ákveðin eftir útfærslu á EBH-prófun (prófun á einum brennandi hlut).

$t_c$ = hve lengi logi varir
PCS = brennslugildi
*Ath.* Eiginleikarnir eru skilgreindir með tilliti til tilvísunarskjalanna.

▲ m = massatap
▲ T = hækkun hitastigs

# Tafla 2
## Flokkar yfir nothæfi gólfefna með hliðsjón af viðbrögðum við bruna.

| Brunaaðstæður | | Vöruflokkur | | | Prófunaraðferð | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fullþróaður bruni í rými | Stig brunaáraunar: meira en 60 kW/m² | $A_n$(1) | Leiðir ekki til útbreiðslu elds | - Mjög takmarkað brennslugildi og hitalosun<br>- Takmarkað massatap<br>- Bruni skapast ekki af loga | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>CEN/TC 127/N 229 og<br>CEN/TC 127/N 230 | ▲ T ≤ 30°C<br>▲ m ≤ 50%<br>$t_c$ < 5 sekúndur<br>PCS ≤ 1,7-2,4 MJ/kg<br>eða ≤ 1,4-2,0 MJ/m² |
| | | $B_n$(1) | Leiðir mjög takmarkað til útbreiðslu elds | - Mjög takmarkað brennslugildi<br>- Takmarkað massatap<br>- Í raun engin útbreiðsla loga<br>- Mjög takmörkuð reykmyndun | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>CEN/TC 127/N 229 og/eða<br>CEN/TC 127/N 230 | ▲ T ≤ 50°C<br>▲ m ≤ 50%<br>$t_c$ ≤ 20 sekúndur<br>□ ≤ PCS ≤ □ MJ/kg<br>□ ≤ PCS ≤ □ MJ/m² |
| Fullþróaður bruni í aðliggjandi rými | Stig brunaáraunar: geislun á takmörkuðu svæði að hámarki 10 kW/m² | $C_n$ | Leiðir takmarkað til útbreiðslu elds | Mjög takmörkuð:<br>- útbreiðsla loga<br>- reykmyndun | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>CEN/TC 127/N 125 | Áhættuvarmaflæði: 10 kW/m²<br>Tímalengd prófunar: 30 mínútur<br>Gaumur gefinn að:<br>- útbreiðslu loga<br>- reykmyndun<br>Mat: staðist/ekki staðist |
| | | $D_n$ | Leiðir til útbreiðslu elds í þolanlegu mæli | Takmörkuð:<br>- útbreiðsla loga<br>- reykmyndun | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>CEN/TC 127/N 125 | Áhættuvarmaflæði: 4,5 kW/m²<br>Tímalengd prófunar: 30 mínútur<br>Gaumur gefinn að:<br>- útbreiðslu loga<br>- reykmyndun<br>Mat: staðist/ekki staðist |
| Minniháttar brunaáraun á takmörkuðu yfirborðssvæði byggingarvöru | Stig brunaáraunar: logandi vindlingur | $E_n$ | Þolanleg viðbrögð við eldi | Leyfilegar líkur á íkviknun | *Fyrirliggjandi tilvísunarskjal:*<br>Metanamín „pillu-prófun" | - stærð svæðis sem hefur orðið fyrir skemmdum |
| | | $F_n$ | Ekki kveðið á um nothæfi | | | |

$t_c$ = hve lengi logi varir
PCS = brennslugildi
▲ m = massatap
▲ T = hækkun hitastigs
(1) Þegar prófunaraðferðin er fullmótuð er unnt að setja flokka $A_n$ og $B_n$ saman í einn flokk með því að breyta umboðinu.